

## 14. gr.

Samþykkt þessi sem samþykkt er af bæjarstjórn Bolungarvíkur, er hér með staðfest samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, til þess að öðlast þegar gildi.

*Umhverfisstjórnuneytinu, 4. október 1999.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.***Sigurbjörg Sæmundsdóttir.***AUGLÝSING**

**um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi  
Brautarholts á Skeiðum 1988 - 2008, Skeiðahreppur.**

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997, sbr. 1. mgr. 21. gr., hefur ráðherra þann 4. október 1999 staðfest breytingu á aðalskipulagi Brautarholts á Skeiðum 1988-2008 frá 14. febrúar 1990.

Breytingin felst í því að reitur S1 opinberar stofnanir (skóli, félagsheimili) verður reitur fyrir skóla, félagsheimili og leikskóla.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki hreppsnefndar Skeiðahrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

*Umhverfisstjórnuneytinu, 4. október 1999.*

**Siv Friðleifsdóttir.***Magnús Jóhannesson.*

**SKIPULAGSSKRÁ**  
**fyrir Minningarsjóð Margrétar Leósdóttur.**

## 1. gr.

Nafn sjóðsins er Minningarsjóður Margrétar Leósdóttur. Heimili og varnarþing hans er í Ísafjarðarbæ.

Sjóðurinn er sjálfseignarstofnun.

## 2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður til minningar um Margréti Leósdóttur, Hafnarstræti 7, Ísafirði, sem andaðist 11. ágúst 1998. Stofnandi sjóðsins er eftirlifandi eiginmaður Margrétar, Jóhann Júlíusson, Hafnarstræti 7, Ísafirði og leggur hann fram kr. 500.000 sem stofnfé sjóðsins. Tekjur sjóðsins til framtíðar verða gjafafé, frjáls framlög, andvirði minningarspjalda, vaxtatekjur og aðrar tekjur sem stjórn sjóðsins aflar. Eignir sjóðsins skulu aldrei vera minni en kr. 500.000 að raungildi miðað við vísitölu neysluverðs í júnímánuði 1999.

## 3. gr.

Tilgangur sjóðsins skal vera að stuðla að endurmenntun starfandi hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða við Fjórðungssjúkrahúsið á Ísafirði. Tilganginum skal m.a. náð með beinum styrkjum til hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða til endurmenntunar, námsskeiðahaldi, kaupum á fræðslufni og tækjum. Til þessara verkefna er stjórn sjóðsins heimilt að veita á hverjum tíma þeirri upphæð sem hún telur fært hverju sinni án þess að rýra stofnfé sjóðsins.

## 4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrjú menn, tilnefndir af stjórn Heilbrigðisstofnunarinnar Ísafjarðarbæ, skal einn þeirra vera ættingi Margrétar Leósdóttur, annar starfandi læknir við Fjórðungssjúkrahúsið á Ísafirði og sá þriðji starfandi hjúkrunarfræðingur eða sjúkraliði við sjúkrahúsið.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Hlutverk stjórnar er að vinna að tilgangi sjóðsins og annast rekstur hans. Stjórn sjóðsins ber að halda gerðabók fyrir sjóðinn og skal færa í gerðabók skipulagsskrá þessa, niðurstöðutölur ársreiknings og allar samþykktir sjóðstjórnar, þ.m.t. ákvarðanir um úthlutun styrkja.

Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á fjárvörslu sjóðsins og úthlutun úr honum. Sjóðstjórnin skal sjá um ávöxtun sjóðsins á sem tryggastan og hagkvæmasta hátt.

## 5. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af endurskoðendum Heilbrigðisstofnunarinnar Ísafjarðarbæ.

## 6. gr.

Ákveði sjóðstjórn að leggja sjóðinn niður, skulu eignir hans að frádregnum skuldum, renna til aðila sem að mati fráfarandi stjórnar vinna að þeim markmiðum sem sjóðnum höfðu verið sett. Ákvörðun um að leggja sjóðinn niður þarf að hljóta samþykki allra stjórnarmanna.

## 7. gr.

Breytingar á skipulagsskrá þessari má því aðeins gera, að þær hljóti samþykki allra stjórnarmanna.

## 8. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari, svo og breytingum, sem kunna að verða gerðar á henni, sbr. lög nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 30. september 1999.*

F. h. r.  
**Björn Friðfinnsson.**

*Fanney Óskarsdóttir.*